

Ár 2005, þriðjudaginn 29. nóvember er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið:

Mál nr. 10/2005

Sólveig Ólafsdóttir og Þorgrímur Ólafsson
gegn

Aganefnd Landssambands hestamanna

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 18. nóvember sl. Kærendur eru Sólveig Ólafsdóttir kt. 300554-7769 og Þorgrímur Ólafsson kt. 190655-2029. Kærði er Aganefnd Landssambands hestamanna.

Dómkröfur kæranda.

Kærendur krefjast þess "að dómur(sic) aganefndar LH þann 4.7. 2005 vegna þátttöku Seguls frá Sörlatungu í gæðingakeppni hestamannafélags Andvara þann 4-5 .júní 2005, verði felldur úr gildi"

II.

Samkvæmt grein 24.1. í lögum Íþróttá- og Olympíusambands Íslands er almennur kærufrestur til Dómstóls ÍSÍ ein vika frá því atvik það sem kært er bar við eða ástandi lauk. Eins og fram kemur í dómkröfum krefjast kærendur ógildingar á ákvörðun aganefndar LH frá 4.7. 2005. Fram kemur í gögnum málsins að nokkuð er liðið síðan kærendum var kunnugt um niðurstöðu aganefndar.

Ekkert er fram komið af hálfu kæranda sem fallið gæti undir sérstakar ástæður samkvæmt grein 24.2. í áðurtilvitnuðum lögum og veitt kærendum rétt til lengri kærufrests en almennar reglur kveða á um. Er framangreind kera í réttu formi barst dómstólnum voru liðnir rúmír fjórir mánuði frá því að atvik það sem kært er bar við.

Með vísan til framanritaðs verður því að vísa máli þessu frá dómstóli ÍSÍ

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi

Gunnar Guðmundsson (sign.)